

Fjölvalsspurningar

Tungufoss 3

Kvöldið fyrir innbrotið

1. Hvaða nafnorð munduð þið nota um Janet þegar hún hitti Alonzo í Zagreb?

- Vændiskona
- Þjófur
- Diplómat
- Leynilögreglukona

2. Hvers konar fyrirtæki opnaði Klaat í París?

- Vændishús
- Veitingahús
- Skartgripa- og gimsteinaverslun
- Bankaútibú

3. Það var ilmvatnslykt af Janet. En hvaða önnur lykt hefur verið af henni?

- Hvítlaukslykt
- Harðfisklykt
- Reykingalykt
- Áfengislykt

4. Hvaða vikudag heimsótti Janet Alonzo?

- Á mánudegi
- Á þriðjudegi
- Á miðvikudegi
- Á fimmtudegi

5. Hvers vegna ætli Janet hafi ekki einfaldlega stolið Slim-perlunni sjálf?

- Hún var ekki með rétta lykilorðið
- Hún hafði ekki kjark í sér til þess
- Hún gat ekki hugsað sér að gera vinnuveitanda sínum það
- Hún hefði ekki getað komið henni í verð

6. Nefnið tvennt sem Waker gerði til að létta Alonzo störfín.

- Hann sá um tölvumálin og fylgdist með áætlun flugfélaganna
- Hann sá um eldamennskuna og matarinnkaupin
- Hann aflaði upplýsinga um Villiato-félagið og hann fylgdist með ferðum Janet
- Hann sá um bókhaldið og viðskiptin

7. Hvað gerði Alonzo í húsinu númer 367 við Queens Gate á miðvikudagskvöldið?

- Hann lagði peningabúnt í veggskápinn
- Hann tók læsinguna af bakdyrarnum
- Hann setti pappanef í veggskápinn
- Hann faldi perluna í veggskápnum

8. Hverju laug Alonzo að Klaat sem varðaði Janet?

- Hann sagði Klaat að Janet hefði gefið sér upplýsingar um Villiato-félagið
- Hann sagði Klaat að Janet væri ástkona sín
- Hann sagði Klaat að hann gæti treyst Janet fullkomlega
- Hann sagði Klaat að Janet gengi undir dulnefninu Ljónynjan í London

9. Hvað gerðist á þriðjudagskvöldið?

- Alonzo skilaði perlunni.
- Alonzo hitti Janet á laun.
- Alonzo og Klaat hittust á hafnarkránni.
- Alonzo tók perluna úr veggskápnum.

10. Nefnið tvennt sem gerði það að verkum að Janet gat verið ánægð með það hvernig málin höfðu þróast.

- Hún var laus við Alonzo og átti von á að fá dágóða peningaupphæð frá Klaat.
- Hún var laus við Klaat og átti von á að fá dágóða peningaupphæð frá Alonzo.
- Hún gat nú fengið kauphækkun og fastan ráðningarsamning.
- Hún eignaðist elskhuga og var sýknuð af ákæru um þjófnað.

11. Til er orðasamband á íslensku sem á vel við um það sem fram kemur í niðurlagi sögunnar. Hvaða orðasamband?

- Að gefa einhverjum langt nef.
- Að rembast eins og rjúpan við staurinn.
- Að sjá í gegnum fingur sér við einhvern.
- Að breyta fjalli.

Jakobína Sigurðardóttir:

Orrustulok

1. Hverjir eru sigurvegarar við orrustulok?

- Goðin.
- Stjörnurnar.
- Árásaraðilinn.
- Enginn .

2. Dauðamóðan er persónugerð. Útskýrðu það.

- Dauðinn er greinilega móður.
- Hún er m.a. látin hrópa.
- Hún hefur ekki persónugerð.
- Henni er líkt við fyrirbæri í náttúrunni.

3. Halda mætti því fram að „stjörnur og goð“ hafi ekki sömu merkingu í a) fyrra og b) seinna erindinu. Hvers vegna?

- Í a) eru pólitískar stjörnur og mennsk átrúnaðargoð; í b) himinstjörnur og guðir.
- Í a) er rætt um náttúruna, í b) um mannfólkið.
- Í a) eru eilífðarmálin til um ræðu; í b) samtímaviðburðir.
- Í a) eru himinstjörnur og guðir; í b) pólitískar stjörnur og mennsk átrúnaðargoð.

4. Túlka mætti síðustu tvær ljóðlínurnar sem...

- niðurstöðu skáldsins um mikilvægt hlutverk kirkjunnar á stríðstímum.
- uppgjör skáldkonunnar sjálfa sig og líf sitt.
- ádeilu á kirkju og klerka sem láta eins og ekkert sé þó allt sé í rúst.
- þakkargjörð skáldkonunnar fyrir allt sem trúin hefur veitt okkur.

Steinunn Sigurðardóttir:

Fyrirmyndin

1. Hver telur þú að sé í raun og veru „maðurinn með klippurnar“?

- Maðurinn í næsta húsi sem er að snyrta limgerðið.
- Haustið.
- Ótiltekinn garðyrkjumaður.
- Skáldið sjálf.

2. „marglitum laufanna“: Hvaða orðflokki tilheyrir fyrra orðið? (Vísbending: hér gæti verið um nýyrði að ræða.)

- Þetta er nafnorðið *marglitir* (ft.) = margir litir
- Þetta er lýsingarorðið *marglitur*
- Þetta er töluorð
- Þetta er fornafn

3. Hvaða skikkju ætli Steinunn eigi við?

- Hún á við að garðyrkjumaðurinn hafi eignast fallega yfirhöfn.
- Þetta er skikkja sem hefðarfólk og þjóðhöfðingjar skryðast.
- Hér er átt við það að í haustkuldanum sé nauðsynlegt að eiga góða yfirhöfn.
- Hún á við litskrúðugt haustlaufið sem liggur á jörðinni og minnir á skikkju.

4. Hvers vegna skyldi skáldið nota orðið *rúningsmeistari*?

- Þegar laufið fellur minna greinarnar á grannar hendur.
- Þegar búið er að klippa limgerðið er það rúið allri fegurð.
- Sá sem hér klippir minnir á mann sem rýir kindur (klippir ullarreyfi af fénu).
- Rúningsmeistari er sá sem skilur allt eftir á rúi og stúi.

5. Hvaða samband sérðu milli skikkjunnar og regnbogans?

- „Málarinn“ hefur viljað líkja eftir haustlitum laufanna.
- Þegar rignir í sólskini myndast regnboginn sem einnig kallast friðarbogi.
- Það er ekkert samband þarna á milli.
- Fyrirmyndin að litunum á skikkjunni er fengin frá litum regnbogans.

6. Það kallast *allegoría* þegar saga er sögð sem í raun réttir merkir eitthvað annað.

Rökstyddu þá fullyrðingu að kvæði Steinunnar sé *allegoría*.

- Í kvæðinu er fjallað þann vanda sem tengist tímasetningu á klippingu greinanna.
- Sagan af manni með klippur er í rauninni saga af komu haustsins.
- Þetta er saga um mann með klippur og engin ástæða til að leggja aðra merkingu í frásöguna.
- Í hverri sögu má finna myndmál.

7. Hvers vegna ætli kvæðið heiti *Fyrirmyndin*?

- Sá sem ræktar garðinn sinn er góð fyrirmynd.
- Það er til fyrirmyndar að annast blómgaðan jurtagarð.
- Regnboginn er friðarbogi og að því leyti fyrirmynd friðarsinna um heim allan.
- Litir haustlaufsins eru fyrirmynd að litum regnbogans.

8. Gæti maðurinn með klippurnar átt eitthvað sameiginlegt með „manninum með ljáinn“?

- Já, af því að dauðinn er oft tengdur haustinu.
- Nei, af því að „maðurinn með ljáinn“ táknar dauðann.
- Klippur og ljár eru tveir ólíkir hlutir.
- Klippurnar tengjast haustinu, ljárinn sumrinu og heyskapnum.

Stúlkan sem vermdi mig

1. Ef „ég“ sögunnar er höfundurinn sjálfur, hvenær á þá sagan að hafa gerst?

- Árið 1936.
- Árið 1984.
- Árið 1886.
- Árið 1868.

2. Um hvaða „heiðursmerki“ er talað við upphaf sögu?

- Marblettina á andliti stúlkunnar (myndhverfing).
- Orðu sem stúlkan fékk fyrir góða framgöngu í stríðinu.
- Rússnesku fálkaorðuna.
- Ómerkilegt skraut.

3. Hvers vegna sagði stúlkan piltinum að hætta að grafa?

- Af því að honum var orðið svo kalt á höndunum.
- Af því að hún vissi að hann var alveg að gefast upp.
- Af því að hún sá eftirlitsmann læðast að þeim.
- Af því að hana grunaði að það væri fjalabotn á áhaldakassanum.

4. Hvers vegna segist höfundur meta meira viðurkenningu frá konum en körlum?

- Af því að hann þoldi ekki aðra karlmenn.
- Af því að hann hafði lært það af reynslu að konum væri ekki að treysta.
- Af því að konurnar sem hann kynntist í æsku reyndust honum illa.
- Af því að konur eru hreinskilnari en karlar.

5. Hvaða tilfinningu virðist sandurinn vekja sem rennur niður í botn stundaglassins?

- Þægilega tilfinningu um sólarströnd.
- Dauðatilfinningu: tíminn (lífið) rennur út.
- Tilfinningu um mýkt.
- Minningu frá þeim dögum þegar hann lék sér á sendinni ströndinni.

6. Hvert var vopn stúlkunnar í lífsbaráttunni að álitni höfundar sögunnar?

- Að bíta frá sér.
- Brosið.
- Að klæðast flegnum kjólum.
- Augnaráðið.

7. Hvers vegna ætli Natasja hafi kallað Dimku þjóf?

- Af því að hún stal nestinu hennar.
- Af því að hún stal mat úr eldhúsi húsfreyjunnar.
- Af því að hún stal alltaf senunni í skólanum.
- Af því að hún stal kærastanum hennar.

8. Hvaða áhrif höfðu orð Natösjú á unga manninn?

- Hann varð dapur.
- Gömul og gleymd minning rifjaðist upp.
- Hann hætti að hugsa um gömlu kærustuna.
- Það kviknaði hjá honum gleðtilfinning.

Ólína og Herdís Andrésdætur

1. Hvaða ár fæddust tvíburasysturnar Herdís og Ólína?

- 1858.
- 1958.
- 1885.
- 1939.

2. Hvar fæddust tvíburasysturnar?

- Í Reykjavík.
- Í Steinnesi í Húnaþingi.
- Í Flatey á Skjálfanda.
- Í Flatey á Breiðafirði.

3. Elín Thorarensen var dóttir Herdísar. Elín skrifaði skáldsögu sem lýsir ástarævintýri hennar með frægu skáldi. Hvaða skáldi?

- Halldóri Laxness.
- Gunnari Gunnarssyni.
- Jóhanni Jónssyni.
- Jóhanni Sigurjónssyni.

4. Herdís og Ólína kunnu ógrynni af sögum. Margar þeirra eru skráðar í þjóðsagnasöfnum, m.a. í *Rauðskinnu*. Sá sem gaf *Rauðskinnu* út var Jón Thorarensen. Hann var...

- barnabarn Ólínu.
- barnabarn Herdísar.
- barnabarn Sigurðar Nordal.
- barnabarn Þórbergs Þórðarsonar.

Nýir *bragir* eftir Herdísí

1. Hvað merkir hér orðið *óður*?

- viti sínu fjær
- skáldskapur, kvæði, kveðskapur
- ákveðinn, fastur fyrir
- gefinn fyrir kveðskap og ljóðræna texta

2. Hvað merkir hér orðið *bragur*?

- kvæði
- saga
- leikrit
- bragðefni

3. Hvað á Herdís við þegar hún segist vera „aftur úr nýja straumnum“?

- Að hún eigi eftir að komast aftur í tísku.
- Að hún hafi alltaf þurft að synda á móti straumnum.
- Að hún fylgist vel með straumum og stefnum í list og ljóði.
- Að hún fylgist ekki með nýju tískustraumunum í ljóðagerð.

4. Hver eftirfarandi málsgreina á best við um ljóð Herdísar?

- Herdís kann ekki að meta eldri ljóðahefð.
- Herdís er hrifnari að sögum en ljóðum.
- Herdís elskaði ungdóminn.
- Herdís kann ekki að meta nútímaljóð.

5. Hverjir eru ljóðstafirnir í fyrstu tveimur ljóðlínunum?

- é – ó – o
- é – y – ó – o – á
- i – ó – á
- y – ó – o

Litið til baka eftir Ólínu

1. Hvað er átt við með orðunum „hásumar lífs míns“?

- Árin þegar Ólína dvaldist erlendis.
- Árin þegar Ólína var ung.
- Sumurinn í sveitinni.
- Árin þegar snjóaði á miðju sumri.

2. Hvers vegna var þetta sumar heljarkalt?

- Af því að ljóðið er ort á kuldaskiðinu kringum 1930.
- Af því að það gerði hret um sumarið.
- Af því að sorgir og harmur mótuðu æskuárin.
- Af því að heimkynni skáldsins liggja á mjög norðlægum breiddarbaug.

3. Hvað er átt við þegar sagt er að það hafi húmað seint þetta haust?

- Haustið var einfaldlega sólríkt.
- Þótt sumarið hafi verið kalt bætti gott haust það upp.
- Átt er við að það hafi verið sæmilega bjart á kvöldin þetta haust.
- Átt er við að efri árin hafi verið fremur góð.

4. Hvaða von eygir skáldið (sú sem mælir ljóðið fram) í lokin?

- Skáldið (ljóðmælandinn) trúir á sælu á himnum eftir dauðann.
- Skáldið segist ekki þurfa á neinu sérstöku að halda.
- Skáldkonan hugsar mest um það sem á sér stað hér og nú.
- Skáldið trúir á hið góða í mannum.

5. Talað er um harm í 2. erindi og fögnuð í 3. erindi. Hér má því tala um stílbragðið...

- þversögn.
- andstæður.
- hliðstæður.
- endurtekningu.

6. Í lok hvers erindis má tala um stílbragðið...

- þversögn.
- breytta endurtekningu.
- andstæður.
- þrítekningu.

7. Bendið á ljóðstafina í þessum línum:

...og alltaf var lífið í einhverju treint,
það ómaði strengur í sálinni leynt

- t – t
- l – l
- o – í – í
- a – ei – ó

8. Í kvæðinu er...

- ævi mannsins tengd árstíðunum.
- maðurinn ekki í neinu sambandi við náttúruna.
- einungis talað um sælu á jarðríki.
- leikið að hugmyndinni um blaðadreginn sem varð ríkur.

Lögreglufulltrúinn

1. Hvers vegna tafðist brottför til New York um tvo tíma?

- Vegna þess að annarri næturlest seinkaði.
- Vegna bilunar.
- Vegna þess að morð hafði verið framið.
- Vegna þess að leki hafði komið að bátnum.

2. Hvernig þekkti unga konan James Insley?

- Hún var gift syni hans.
- Hún hafði verið ástkona hans.
- Hún var dóttir vinkonu hans.
- Hún hafði verið vinkona dóttur hans.

3. Hvernig vissi James Insley að unga konan var saklaus?

- Af því að hún var með fjarvistarsönnun.
- Af því að dóttir hans hafði verið með henni þessa nótt.
- Af því að hann hafði sjálfur drepið Payson Slade.
- Af því að hún var ekki í lestinni þegar morðið var framið.

4. Hvers vegna drap lögreglufulltrúinn Payson Slade?

- Af því að dóttir hans hafði lent í klóm Paysons.
- Af því að þeir deildu um peninga.
- Af því að Slade hafði haldið við konu lögreglufulltrúans.
- Af því að lögreglufulltrúinn hélt við konu Slades.

5. Hvað hét konan sem Payson ætlaði að kvænast?

- Lilian Wilkinson.
- Mabel O'Neill.
- Lilian Insley.
- Mabel Insley.

6. Lögreglufulltrúinn er á skrifstofu sinni þegar unga konan kemur þangað. En hvaðan virðist hann vera nýkominn?

- Hann virðist vera nýkominn að heiman.
- Hann virðist vera nýkominn úr næturlestinni að austan.
- Hann virðst vera nýkominn úr sömu lest og stúlkan.
- Hann virðist vera nýkominn af barnum.

7. Ástæðan fyrir því að lögreglufulltrúinn drap Payson Slade var sú að...

- Slade hafði kúgað Lilian Insley.
- Slade hafði kúgað Mabel Slade.
- Slade hafði svikið föður Mabel.
- Slade hafði kúgað fé út úr lögreglufulltrúanum.

8. Fullyrða má að með því að drepa Payson Slade hafi lögreglufulltrúinn bjargað...

- einni komu úr miklum erfiðleikum.
- tveimur konum úr miklum erfiðleikum.
- sjálfum sér frá því að lenda í fangelsi.
- lífi sínu.

Andstæður

1. Bentu á nokkrar andstæður sem við mætum í daglegu lífi.

- glaður/ kátur; aldinn/ gamall; grannur/ mjór; bjartur/ ljós
- ljós/myrkur; gleði/sorg; hlátur/grátur; líf/dauði
- draugur/ vofa; nár/ lík; hestur/hross; meri/ hryssa
- sorg og sút; glaumur og gleði; gleði og gaman

2. Bentu á nokkrar andstæður sem stuðla!

- ljúft og leitt; úti og inni; upp og ofan; andi og efni
- stór og lítill; grannur og mjór; glaður og hryggur
- draugur/ vofa; nár/ lík; hestur/hross; meri/ hryssa
- ljós/myrkur; gleði/sorg; hlátur/grátur; líf/dauði

3. Bentu á nokkar *hliðstæður* sem stuðla!

- sorg og sút; glaumur og gleði; gleði og gaman
- ljúft og leitt; úti og inni; upp og ofan; andi og efni
- ljós/myrkur; gleði/sorg; hlátur/grátur; líf/dauði
- stór og lítill; grannur og mjór; glaður og hryggur

4. Í orðunum sem vísað er til eftir Einar Benediktsson í lok textans er sagt að...

- tvennar öfgar geti aldrei tengst.
- af tveimur andstæðum geti sprottið einhver millivegur.
- tvennar öfgar séu alltaf ósamrýmanlegar.
- tveir mjög ólíkir einstaklingar geti orðið góðir félagar í hjónabandi.

5. Í hvaða línu eru einungis andstæður?

- uppi – niðri; svart – hvítt; glaður – reifur; hlæja – gráta
- sorg – sút; hægri – vinstri; góður – illur; lasinn – frískur
- kristni – heiðni; láð – lögur; himinn – jörð; sprund – halur
- víf – hrund; urta – brimill; ungur – aldinn; grannur – feitur

Hluti fyrir heild

1. Í hvaða línu er um að ræða hluta fyrir heild?

- Maðurinn talaði frammi fyrir hundrað áheyrendum.
- Ég sá fimmtán hausa fara út úr rútinni.
- Konan sagði að það væri bara ein kökusneið á mann.
- Kindurnar siluðust upp fjárgötuna með glampa í augum.

2. Talað er um *nefskatt*, þ.e. skatt á hvert nef, eintakling. Hvers vegna ætli nefið sé hér látið standa fyrir heildina, þ.e. einstaklinginn?

- Af því að sumir menn eru afar lyktnæmir.
- Af því að nefið er afar áberandi hluti mannsins.
- Af því að sumir eru með lítið nef.
- Af því að nefið er úr brjóski en ekki beini.

3. Í vísunni sem vitnað er til úr kvæði Einars Benediktssonar eru hreifarnir hluti fyrir heild og tákna selinn en uggarnir tákna fiskinn. Ef við yfirferum þessi fyrirbæri á mennina, fyrir hvað mundu þá hreifarnir standa?

- Víðsýna menn.
- Þröngsýna menn.
- Menn sem alltaf sitja heima.
- Menn sem lesa aldrei bækur.

Tvö líf milli heims og helju

1. Hvers vegna vildi læknirinn skera glæpamanninn upp fyrst?

- Vegna þess að komið var með hann á sjúkrahúsið á undan konunni.
- Vegna þess að glæpamaðurinn var sonur læknisins.
- Af því að hann sá fram á að stúlkan mundi hvort sem var ekki lifa af.
- Af því að hann taldi að glæpamaðurinn mundi geta lifað af ef hann yrði skorinn upp fyrst.

2. Hver eftirfarandi fullyrðinga kemur fram í sögunni? Lögreglumaðurinn taldi að...

- unga konan væri barnlaus.
- glæpamaðurinn ætti eftir að bæta ráð sitt.
- unga konan væri ógift.
- glæpamaðurinn mundi halda áfram á glæpamannsbrautinni ef hann lifði af.

3. „En hann er e.t.v. árangurslaust að reyna að lækna.“

Í hvaða falli stendur orðið *hann*?

- Nefnifalli.
- Þolfalli.
- Þágufalli.
- Eignarfalli.

4. Hvernig hefði farið ef læknirinn hefði skorið glæpamanninn upp fyrst?

- Stúlkan hefði dáið en glæpamaðurinn hefði bjargast.
- Báðir sjúklingarnir hefðu dáið.
- Glæpamaðurinn hefði bjargast en lögreglumaðurinn dáið.
- Báðir sjúklingarnir hefðu bjargast.

Fluga og Flugumýri

1. Hvernig eignaðist Þórir dúfunef hryssuna Flugu?

- Hann fékk hana í skiptum fyrir hestinn Eiðfaxes.
- Hryssan hafði týnst og hann keypti hana upp á von og óvon.
- Hann keypti hana strax og hann sá hana.
- Hann fékk hana að gjöf frá skipverjum.

2. Hvers vegna ætli skeiðið heiti Dúfunefskeið?

- Hryssan Dúfa sprakk á þessum stað.
- Eiðfaxi sprakk á skeiðinu.
- Hryssan hét Dúfunefja.
- Af því að Þórir dúfunef átti hryssuna sem sigraði í hlaupinu.

3. Hvernig tók Örn tapinu í veðmálinu?

- Hann þoldi ekki að tapa og stytta sér aldur.
- Hann tók öllu vel og bauð Þóri Eiðfaxes til sölu.
- Hann ákvað að reyna að fá Flugu keypta.
- Hann einsetti sér að gera betur næst.

4. Hvað hét folaldið undan Flugu og gráfexta hestinum?

- Sörli
- Faxi
- Eiðfaxi
- Freyfaxi

5. Hver eftirfarandi fullyrðinga á við um Eiðfaxes?

- Hann sigraði Flugu á skeiði.
- Hann var fluttur til Danmerkur.
- Hann varð sjö manns að bana.
- Hann þótti mjög fallegur.

6. Hvaða bær felur í sér nafn Flugu?

- Flughöfnin Leifsstöð.
- Flugfreyjunes.
- Flugufótur.
- Flugumýri.

7. Hvað hét kona Ara frænda?

- Lofthæna.
- Sigyn.
- Randalín.
- Þorgerður.

Uni danski á flóttu undan konunni

1. Að hvaða landfræðilegu staðreynd um Ísland komst Garðar Svavarsson?

- Hann komst að því að landið væri eyja.
- Hann komst að því að eldfjöll væru á Íslandi.
- Hann sá eskimóa í landinu.
- Hann kynntist hafís af eigin raun.

2. Hvað hét faðir Una danska og hvaðan var hann ættaður?

- Hrafna-Flóki, norskur að ætt.
- Garðar Svavarsson; hann var sænskur að ætt.
- Naddoddur, færeyskur.
- Ingólfur Arnarson; norskur að ætt.

3. Hvert var erindi Una danska til Íslands?

- Hann kom til að nema land.
- Hann þurfti að flýja Noreg.
- Hann hafði kynnst konu og elti hana til Íslands.
- Hann átti að koma landinu undir Noregskonung.

4. Hvers vegna hrökklaðist Uni með menn sína úr einum stað í annan?

- Árferðið var erfitt í landinu á þessum tíma.
- Hann var mikill skapofsi, einkum með víni.
- Menn hans voru ribbaldar þó hann sjálfur væri friðsamur að upplagi.
- Menn vildu ekki selja honum vistir af því að þeir vissu erindi hans.

5. Hvað flúði Uni oft frá unnustu sinni?

- Einu sinni.
- Tvisvar.
- Þrisvar.
- Fjórum sinnum.

6. Hvað hétu afar barnsins?

- Ingólfur og Hjörleifur.
- Kveld-Úlfur og Örvar-Oddur.
- Garðar Svavarsson og Leiðólfur.
- Hrafna-Flóki og Naddoddur.

7. Hver eftirfarandi fullyrðinga stenst, sé miðað við innihald textans?

- Afi barns drap föður þess
- Uni drap alla förunauta sína.
- Maður drap tengdaföður sinn.
- Garaðar Svavarsson átti ekkert barnabarn.

8. Hvaða örnefni tengist Una danska?

- Unaðsdalur.
- Undraland.
- Unaós.
- Undirfell.

Sérkennileg hegðun

1. Hvernig voru Hróar og Tjörvi skyldir?

- Tjörvi var móðurbróðir Hróars.
- Hróar var móðurbróðir Tjörva.
- Þeir voru bræður.
- Þeir vour feðgar.

2. Hver var ástæðan fyrir því að Tjörvi skar myndirnar á kamarsvegginn?

- Hann fékk ekki að eiga Ástríði.
- Hann vildi losna við Ástríði.
- Það var hluti af gjörningi á listsýningu
- Hann var beðinn um að skaða mannorð Þóris.

3. Tjörvi var með viðurnefni. Hvað segir þetta viðurnefni um persónuleika hans?

- Hann hefur verið hávaxinn.
- Hann hefur verið með háskólagráðu.
- Hann hefur átt auðvelt með að þóknast öðrum.
- Hann hefur verið háðfugl, stríðinn.

4. Hvaða tengingu sérðu milli kaflans um Una danska og þessa kafla?

- Það virðast engin tengsl vera þarna á milli.
- Uni danski er nefndur á nafn í báðum textunum.
- Hróar virðist vera sonur Una danska.
- Tjörvi er nefndur í báðum textunum.

Pórir Bergsson: Slys í Giljareitum

1. Hvað hét Þórir Bergsson réttu nafni?

- Þorsteinn Jónsson.
- Magnús Stefánsson.
- Aðalsteinn Kristmundsson.
- Halldór Guðjónsson.

2. Hvenær kom sagan út?

- Árið 1929.
- Árið 1939.
- Árið 1949.
- Árið 1959.

3. Hvaða fullyrðing er í samræmi við orð sögunnar?

- Stýrimaðurinn og sögumaðurinn þekktust vel áður en þeir lentu í sama bílnum.
- Stýrimaðurinn sagðist hafa séð sögumanninn áður en þeir lentu í sama bílnum.
- Fullyrt er að þessir tveir menn hafi ekki sést áður.
- Mennirnir tveir, þ.e. sögumaður og stýrimaðurinn, voru náskyldir.

4. Hver neðangreindra fullyrðinga á við um stýrimanninn?

- Hann talar m.a. niðrandi um konuna sína.
- Hann hrósar konunni sinni.
- Hann talar aldrei um konur.
- Hann er búinn að missa konuna sína.

5. Hvers vegna ætli konan hafi horfið?

- Hún hefur ekki afborið það að hafa lent í klónum á stýrimanninum.
- Hún hefur sennilega laumast í land í næstu höfn vegna sjóveikinnar.
- Hún var ekki nógu hrifin af kærastanum í Reykjavík.
- Hún var orðin mjög hrifin af stýrimanninum en vissi að hann var kvæntur.

6. Hvað viltu segja um sögutímann, nánar tiltekið innri tíma?

- Sagan gerist á einum októberdegi.
- Sagan gerist á u.þ.b. hálfu ári, frá vori til hausts.
- Sagan gerist á u.þ.b. ári.
- Sagan gerist á u.þ.b. viku.

7. Hvar gerist sagan?

- Á Holtavörðuheði.
- Í Öxnadal og á Öxnadalsheiði.
- Á Akureyri.
- Í Reykjavík.

8. Hvað hét a) stýrimaðurinn; b) bílstjórinn; c) sögumaðurinn?

- Ásmundur Pálsson; Jóhann; Bjarni.
- Ásmundur Pétursson; Jóhannes; Björn.
- Ásmundur Pálsson; Jóhann; Björn.
- Ásmundur Pálsson; Jóhannes; Bjarni.

9. Hvers vegna ók bílstjórinn út af veginum og í gljúfrið?

- Hann sofnaði undir stýri.
- Framdekkið sprakk.
- Hann hafði sofið hjá konu stýrimannsins.
- Hann áttaði sig á hvað stýrimaðurinn hafði gert unnustu hans.

10. Hvers vegna lætur bílstjórinn Bjarna fara út úr bílnum?

- Hann vill láta hann líta á keðjuna á öðru afturdekkinu.
- Hann vill ekki taka saklausan mann með sér í dauðann.
- Bjarni þarf að ýta bílnum í snjónum og hálkunni.
- Bjarna er óglatt og bílstjórinn vill ekki að hann sóði út bílinn.

11. Í hverju eftirfarandi textabrota er greinarmekjasetningin hárnákvæm?

- „Hvernig líður þér góða mín?“ segi ég.
„Ágætlega,“ segir hún, „nema mér er dálítið óglatt.“
- „Hvernig líður þér, góða mín?“ segi ég.
„Ágætlega,“ segir hún, „nema mér er dálítið óglatt.“
- „Hvernig líður þér, góða mín,“ segi ég.
„Ágætlega,“ segir hún, „nema mér er dálítið óglatt.“
- „Hvernig líður þér, góða mín?“ segi ég.
„Ágætlega,“ segir hún, „nema mér er dálítið óglatt.“

12. Hvað er að segja um sjónarhornið?

- Þetta er 1. persónu frásögn.
- Þetta er 3. persónu frásögn.
- Sá sem segir söguna er Ásmundur
- Sá sem segir söguna er bílstjórinn

Dagbók vesturfara

1. Hvaða tvær eftirtaldrar sögur eru eftir Jóhann Magnús Bjarnason.

- Sjálfstætt fólk og Salka Valka.
- Eiríkur Hansson og Brasilúfaranir.
- Fjallkirkjan og Svartfugl.
- Rokland og Höfundur Íslands.

2. Hvaða starfi sinnti Jóhann Magnús Bjarnason auk ritstarfa?

- Hann var kennari.
- Hann var tannlæknir.
- Hann var lögmaður.
- Hann var prestur.

3. Hvar bjó Jóhann Magnús síðustu árin sem hann lifði?

- Í Elfros í Saskatchewan í Kanada.
- Í Gimli í Kanada.
- Í Suður-Dakota.
- Í Vancouver í Kanada.

4. Nefndu dæmi um þann vinarhug sem Vestur-Íslendingar báru til Jóhanns Magnúsar?

- Þeir borguðu Íslandsferð fyrir hann og konuna hans.
- Þeir borguðu húsaleiguna hans.
- Þeir gáfu honum gervitennur.
- Þeir gerðu hann að heiðursborgara í Elfros.

5. Séra Jakob Jónsson ræðir skáldskap Jóhanns Magnúsar í blaði vestanhafs. Hverju lýsir skáldskapurinn að mati sr. Jakobs?

- Miklum húmor og jafnvel kaldhæðni.
- Mikilli fantasíu.
- Göfugri hugsun og trú á hið góða.
- Hugmyndaauðgi.

K.N. Káinn:

K.N. launar illt með góðu

1. Hvaða skoðun hefur fólk á Káinn ef marka má efni vísunnar?

- Fólk hefur ekki mikið álit á honum. Það talar illa um hann.
- Hann er í miklu álit. Fólk þrúir engu illu um hann.
- Fólk finnst hann skrýttinn.
- Fólk talar um að hann sé bestur af öllum.

2. Hvaða álit hefur fólk á þeirri persónu sem Káinn ávarpar í vísunni?

- Persónan er í miklu álit.
- Sú persóna nýtur ekki mikils álits.
- Menn hafa enga sérstaka skoðun á henni.
- Menn segja persónuna vera hrokafulla.

K.N. Káinn:

Manni var „gefið á hann“

1. Bragarhátturinn kallast braghenda. Bentu á ljóðstafina. (Mundu að í fyrstu braglínunni eru þrír ljóðstafir!)

- k – k – s
- é – é
- l – l – l; s – s – s
- s – sk – s

2. Bentu á andstæður í síðustu braglínu.

- sannleikur – lygi
- himinn – jörð
- gefa – þiggja
- fjall – dalur

3. Athyglisvert innrím leynist í þessari braghendu. Geturðu bent á það?

- les – síst – sæll
- hef – stef – ef(a) – gef(a)
- skriftin – kraftinn – kjaftinn
- ég – ég – gef

K.N. Káinn:

Hljýjar „viðskökur“

1. Rökstyddu að höfundurinn beiti hér kaldhæðni þegar hann segir að viðtökurnar hafi verið hlýjar.

- Konan kyssir manninn en ekki hundinn.
- Konan brosir og kyssir manninn
- Konan kyssir hundinn en ekki gestinn.
- K.N. tekur í höndina á konunni og kyssir hundinn.

2. Lýsingarorðið í vísunni tengist dýraríkinu. Við hvaða dýr líkir skáldið konunni?

- Máf.
- Álft.
- Svín.
- Örn.

K.N. Káinn:

– – rækni

1. Skáldið gagnrýnir landa sína fyrir tiltekið skapgerðareinkenni. Hvaða einkenni?

- Þjóðrækni.
- Guðrækni.
- Heiftrækni.
- Kirkjurækni.

2. Hvað er sérstakt við rímið í vísunni?

- Rímið í tveimur síðustu atkvæðum er breytilegt frá einni línu til annarrar.
- Tvö síðustu atkvæði hveirrar braglínu eru eins.
- Það er ekkert endarím.
- Einungis er um að ræða innrím í þessari vísu.

Hvað með það?

1. Hvað þarf til að karlmenn geti farið saman í bíó skv. því sem fram kemur í greininni?

Þeir þurfa að vera samkynhneigðir.

Þeir þurfa að vera kunningjar, t.d. úr foreldrafélaginu.

Þeir þurfa að vera gamlir og traustir vinir.

Þeir þurfa að fá leyfi hjá konunum sínum.

2. Hvað finnst greinarhöfundi um það að dómari í knattspyrnuleik fari með þjálfara annars liðsins í leikhléi að fá sér pylsu?

Greinarhöfundi finnst það óeðlilegt.

Greinarhöfundi finnst það eðlilegt.

Greinarhöfundur telur að það hafi áhrif til góðs á dómgæslu.

Greinarhöfundur hefur enga skoðun á málinu.

3. Nefndu dæmi úr textanum um hagsmunanet í íslensku samfélagi.

Öreigi frá Rússlandi og verkamaður á Íslandi.

Makar systkinabarna geta myndað hagsmunanet.

Formenn tveggja stéttarféлага.

Leikskólastjóri og rektor Háskóla Íslands.

4. Hvers vegna virðist óskráðu siðareglunum ekki fylgt eins vel hér og í sumum öðrum löndum?

Íslendingar eru heiftræknir og langræknir.

Samfélagið er flókið og stórt og þá má ekki sveigja reglurnar.

Samfélagið er lítið og tengsl manna geta vegið þyngra en strangar siðareglur.

Íslendingar hafa aldrei farið að lögum.

5. Nefndu dæmi úr textanum um kosti við þetta hagsmunanet sem er hér á Íslandi.

Það er hægt að fá dómara í hæstarétti til að gerast formaður í hollvinasamtökum MR.

Það var hægt að gera Gay Pride að fjölskylduhátíð.

Það má fá knattspyrnudómara til að gerast dómara í héraðsdómi.

Iðnaðarráðherra getur gerst kennari í iðnskóla eftir kosningar.

6. Hvað á höfundurinn við þegar hann segir að árferðið sé ekki venjulegt?

Hann á við breytt verðurfar í kjölfar gróðurhúsaáhrifa.

Hann á sennilega við málaferli í kjölfar hrunsins.

Hann á við það að þessi vetur hafi verið óvenjukaldur.

Hann á við rigningarsumarið mikla 2011.

Einar Már Guðmundsson: Búvísindi fyrir byrjendur I

1. Bentu á orðaleik í kvæðinu.

- Orðin „landi“ og „búa“ í 2. línu tengjast tilteknu orði í 3. línu.
- Orðin „augljóst mál“ falla vel að orðaleikjum.
- Orðin „landbúnaður“ og „fræbúðingur“ tengjast orðaleiknum.
- Orðaleikurinn felst í titli kvæðisins.

2. Hvaða neðangreind orð eiga best við um ljóðið?

- Fúlasta alvara.
- Háð og húmor.
- Sveitarómantík.
- Nám í landbúnaðarháskóla.

Einar Már Guðmundsson: Búvísindi fyrir byrjendur II

1. Í hvaða tölu og falli stendur orðið *sækýr* í ljóðinu?

- Nefnifalli eintölu.
- Þolfalli eintölu.
- Þágufalli fleirtölu.
- Þolfalli fleirtölu.

2. [Þessari spurningu getið þið svarað ef þið lesið söguna *Frá marbendli* (Þjóðsögur Jóns Árnasonar I, bls. 127).] Hvernig tengist marbendill sækúm?

- Samkvæmt þjóðsögunni virðist marbendill eiga sækýr.
- Það eru engin sýnileg tengsl milli marbendils og sækúnna.
- Það er hægt að veiða bæði sækýr og marbendil utan kvóta.
- Marbendill gengur stundum á land eins og sækýrnar.

Drög að skáldskaparfræðum

1. Rökstyddu þá fullyrðingu að Einari Má finnist skáldskapur (orðin sem mynda skáldskap) mikilvægur?

- Einar Már líkir skáldskapariðkun við fiskveiðar sem eru afar mikilvægar.
- Skáldið fær styrki úr opinberum sjóðum og þarf því ekki að vinna.
- Skáldskapurinn skapar atvinnu í prentsmiðjum.
- Ríkið fær virðisaukaskatt af hverri bók sem seld er.

2. Síðustu tvær ljóðlínurnar gætu vísað til þess að...

- skáldið hefur farið á kafaranámskeið.
- að sjófuglinn sem kafar dýpst fljúgi fugla hæst.
- ef skáldið leggur sig fram getur verk hans orðið víðfrægt.
- oft séu skáldin að fást við veiðiskap í frístundum.

3. Bentu á andstæður í kvæðinu.

- maður – fugl.
- haf – lífsbjörg.
- maður – fiskur.
- dýpra – hærra.

4. Bentu á stílbragðið hluti fyrir heild (hluti í stað heildar/ pars pro toto) í kvæðinu.

- nef = maður
- vængir = fuglar
- sporður = maður
- vængir = ljóð

Um Íslendinga

1. Hver er andstæðan við *tittlingaskít* í þessum texta?

- Kjarni máls.
- Hrossatað.
- Fjóshaugur.
- Smáatriði.

2. Hvaða skoðun á Íslendingum kemur fram í þessum texta?

- Að Íslendingar kunni ekki að rökræða.
- Að Íslendingar vilji alltaf komast að kjarna málsins.
- Að Íslendingar séu bókaþjóð.
- Að Íslendingar vilji alltaf hafa það sem sannara reynist.

Dansinn í Hruna

1. Hvað var það sem Unu líkaði ekki í fari sonar síns?

- Að hann skyldi snúa faðirvorinu upp á djöfulinn.
- Að hann skyldi fara drukkinn í prédikunarstólinn.
- Að hann skyldi efna til dansleiks og drykkju í kirkjunni.
- Að hann skyldi skilja við konuna sína.

2. Hver virðist hafa farið með vísuna?

- Kölski (djöfullinn sjálfur).
- Drottinn guð.
- Una.
- Framliðinn faðir prestsins.

3. „...prestur hafði með sér marga menn“.

Hvers vegna var svona margt fólk hjá þessum presti?

- Heimilisfólk var margt á prestssetrunum á þessum tíma.
- Ættingjar að sunnan voru í heimsókn.
- Það hafði verið dansskemmtun í samkunduhúsinu.
- Það hafði verið messa hjá honum á jólanótt.

4. Hvað merkir orðið *hrunadans*?

- Dansskemmtun sem haldin er árlega á Rangárvöllum.
- Gálautstættur sem leiðir til glötunar.
- Íslenskt afbrigði af tangó.
- Sakleysislegt grín sem gæti þó endað í fjörugum dansi.

5. Í sögunni er deilt m.a. deilt harkalega á...

- þá sem ættu að standa vörð um siðsamlegt lífni.
- þá sem vara börn sín við lauslæti og drykkju.
- kölska sem situr um sálir mannanna.
- stríðsæsingamenn og friðarspilla.

Dansinn á Jörva: Nítján börn koma í heiminn

1. Hvaða skilyrði setti unga fólkið þegar það réð sig í vist?

- Að það þyrfti ekki að borða silung á hverjum degi allt sumarið.
- Að það fengi að fara í útreiðar á sunnudögum.
- Að það fengi að komast á dansleikinn á Jörva.
- Að það fengi frí á laugardögum.

2. Hvað komu mörg börn undir eftir síðustu Jörvagleðina?

- Sextán.
- Sautján.
- Átján.
- Nítján.

Fjalirnar braka: Jörvagleði

1. Bendið á andstæður í fyrsta erindinu.

- æska – elli.
- himinn – jörð.
- sól – tungl.
- svali – kuldi

2. Hvað merkir lýsingarorðið *einnættur*?

- Nýfæddur.
- Hættulegur.
- Þunnur.
- Einnar nætur gamall.

3. Hvaða lýsingarorð viltu nota um æskuna sem þráir að fara yfir „einnætta ísa“?

- glaðvær, elskuleg, einlæg
- fífldjörf, óvarkár, ógætin
- hrokafull, frek, sjálfselsk
- varkár, hlédræg, kurteis

4. Æskan vill fá að skemmta sér. En hver er niðurstaða skáldsins?

- Ungu fólkið þarf að gæta hófs.
- Það á að leyfa fólki að skemmta sér að vild.
- Það er auðvelt að verða áttavilltur í þokunni.
- Við spillum lífi okkar ef við tökum ekki þátt í dansinum.

Stóridómur – 50 tekin af lífi

1. Hvenær tók Stóridómur gildi sem lög?

- Árið 1456.
- Árið 1565.
- Árið 1656.
- Árið 1465.

2. Hver hafði áður (þ.e. fyrir siðaskipti) haft siðferðismál með höndum?

- Lúterska kirkjan.
- Alþingi.
- Kapólska kirkjan.
- Konungurinn í Danmörku.

3. Hvert var alvarlegasta siðferðisbrotið samkvæmt Stóradómi?

- Sifjaspell.
- Þjófnaður.
- Hórdómur.
- Dýraníð.

4. Hver var í reynd refsingin við þriðja hórdómsbroti?

- Líflát.
- Þrælunarvinna.
- Útlegð.
- Fangelsi.

5. Hvað merkir orðið *dulsmál*?

- Dulin ástamál.
- Dulúð, leyndardómar.
- Mál sem varða fangelsisvist.
- Barneignir utan hjónabands.

6. Hve margar konur voru teknar af lífi vegna sifjaspella?

- 20.
- 25.
- 27.
- 30.

7. Hvers vegna er talið að sektir við barneignum utan hjónabands hafi verið eins háar og raun bar vitni?

- Yfirvöld vildu refsa öllum sem mest sem fóru ekki að lögum.
- Yfirvöld vildu hindra slíkar barneignir til að spara kostnað við uppeldi fátækra barna.
- Þetta var mjög góð tekjulind fyrir sveitarfélagið.
- Yfirvöld vildu sýna fram á styrk sinn.

8. Ráða má af textanum að orðið sveitarómagi merki...

- maður sem hefur brotið af sér.
- barn sem hefur verið magaveikt.
- sveitarómantík.
- maður á framfæri sveitarfélags

Vikivakavæði (brot)

1. Hvar sá skáldið konuna?

- Uppi í sveit.
- Í ægifagurri hlíð.
- Í blárri berjalaut.
- Við bláan sjóinn.

2. Hvaða hvítu rendur virðist skáldið tala hér um?

- Sennilega hvítar tennur konunnar.
- Sennilega hvítar rendur á trefli.
- Að öllum líkindum hvít peysa.
- Hvítar neglur.

3. Hvað merkja orðin: „Ei mun gott úr geðinu slíta/ gullhlaðs þöllu blíða“?

- Ekki verður gott að slíta gullbandið.
- Gott geð og blíða er ekki slítandi.
- Það mun verða erfitt að gleyma hinni blíðu konu.
- Ei mun gott að slíta þöllina upp með rótum.

4. Hvað mun þeim manni hlotnast sem eignast hina frómu konu?

- Hann mun eignast börn.
- Honum mun hlotnast gæfa.
- Hann mun verða langlífur.
- Hann mun verða ríkur.

5. Hverjir eru helstu kostir konunnar í síðasta erindinu?

- Hún er rík.
- Hún er guðhrædd og dygðug.
- Hún er sólbrennd og svarthærð.
- Hún er af góðum ættum.

Elísabet Jökulsdóttir:

Duglegur á miðjunni

1. Hvað hét fyrsta bók Elísabetar?

- Dans í lokuðu herbergi.
- Fótboltasögur.
- Hvítir hrafnar.
- Hálfir skósólar.

2. Hverju er verið að lýsa í blöðunum?

- Manni sem sefur hjá konu sinni.
- Manni sem keppir í tennis.
- Knattspyrnumanni sem spilar á vallarmiðju.
- Slökum knattspyrnumanni sem spilar á miðjunni.

3. Hvaða leik er minnst á í seinni hluta sögunnar?

- Fjölskylduleik.
- Grímudansleik.
- Fótboltaleik.
- Ástarleik.

4. Undirtitill bókarinnar er *Tala saman strákar*. Ef ekki felst hvatning í þessum orðum (um að strákarnir í liðinu eigi að fylgjast betur hver með öðrum í leiknum), hvað geta þessi orð þá merkt?

- Tala strákar saman?
- Strákar eiga að tala saman.
- Tala strákar aldrei saman?
- Strákar tala saman.

5. Hvað eru margar málsgreinar í ljóðinu?

- Ein.
- Tvær.
- Þrjár.
- Fjórar.

Katherine Mansfield: Sjóferðin

1. Hvar er Katherine Mansfield fædd og upp alin?

- Á Englandi.
- Í Skotlandi.
- Á Nýja-Sjálandi.
- Í Bandaríkjunum.

2. Hvenær sólarhringsins átti skipið að halda úr höfn?

- Klukkan hálf ellefu að kvöldi.
- Klukkan ellefu að kvöldi.
- Klukkan hálf tólf.
- Klukkan tólf á miðnætti.

3. Hvers vegna ætli sé talað um *barnaflugu* (en ekki t.d. litla flugu) í efnisgrein 2?

- Af því að þetta er ekki venjuleg fluga.
- Af því að fullorðna fólk þá talar stundum um barnaflugur.
- Af því að við sjáum atburði í sögunni með augum stúlkunnar.
- Af því að sagan er ætluð börnum.

4. Hver segir söguna?

- Fenella.
- Ósýnilegur sögumaður sem segir söguna frá sjónarhóli barns.
- Amman.
- Afinn.

5. Hvernig lýsir Fenella farangrinum?

- Hún lýsir farangrinum eins og kössum.
- Hún lýsir honum eins og hveitipokum.
- Hún lýsir farangrinum eins og rúllupylsu.
- Eins og sláturkepp.

6. Hvers vegna tókust Fenella og mamma hennar á loft?

- Þær hoppuðu af kæti.
- Þeim brá svo mikið við að heyra pípið í skipsflautunni.
- Það var verið að dansa á skipinu.
- Skipið rakst á bryggjuna.

7. Hvers vegna er sagt að skipið sé tilbúið að sigla á meðal stjarnanna?

- Af því að ljósin á því voru eins og stjörnur.
- Af því að skipið er úti í geimnum.
- Þetta er í rauninni geimfar á leið um vetrarbrautina.
- Það var skýjaður himinn.

8. Hvaða tilfinningar las Fenella úr andliti föður síns?

- Hún las gleði úr svipnum.
- Það var tvíræð glettni í svip hans.
- Það var reiði í svipnum.
- Hún sá að hann var þreyttur og dapur.

9. Hvað er til marks um að Fenella hafi ekki mikið vit á peningum?

- Hún á erfitt með að reikna út verðið á samlokunum.
- Hún hélt að íslenska krónan væri jafngild enska pundinu.
- Hún álitur að einn skildingur (shilling) sé mjög há upphæð.
- Hún ruglaði saman pundi og dollara.

10. „Guð blessi þig, mamma,“ heyrði hún hann segja.

Hver heyrir hvern segja þetta og við hvern?

- Amma heyrði föður Fenellu segja þetta við tengdamóður sína.
- Fenella heyrir föður sinn segja þetta við ömmu hennar.
- Faðir Fenellu heyrir móður Fenellu segja þetta við móður sína.
- Pabbi heyrir Fenellu segja þetta við mömmu sína.

11. Hljóðlega fór bryggjan að losa sig, renna, þokast í burtu frá þeim.

Hvers vegna er þetta orðað svona?

- Barninu finnst bryggjan en ekki skipið vera að fara.
- Þetta var flotbryggja.
- Það kom flóð eftir jarðskjálftann.
- Þegar skipið losnar fer bryggjan einnig af stað.

12. „Hátt uppi í lofti stóð lítil mannsmynd með hendur í jakkavösum og starði út á sjó.“

Hvers vegna er eins og maðurinn sé hátt uppi í lofti?

- Hann virðist vera „hátt uppi“, þ.e. drukkinn.
- Sennilega er hann uppi í mastri til að geta fylgst sem best með skipaumferð.
- Hann virðist standa á svölum hússins.
- Hann virðist hafa hengt sig í mastri skipsins.

13. Hvernig vitum við að amman hefur oft farið með þessu skipi?

- Hún þekki alla um borð.
- Hún segir það berum orðum að hún panti sér alltaf klefa.
- Afinn talar um að hún sé alltaf að sigla yfir sundið.
- Í orðum skipsþernunnar liggur að amman hafi oft tekið skipið án þess að leigja sér klefa.

14. Hvað gerðist sem veldur drunganum yfir sögunni?

- Móðir Fenellu dó.
- Faðir Fenellu dó.
- Systir Fenellu dó.
- Afi Fenellu dó.

15. Það glampaði dauflega á dökka kringlóttu augað yfir þvottaborðinu.

Hvaða „auga“ er átt við?

- Auga ömmu.
- Auga skipsþernunnar.
- Kýraugað (kringlóttan glugga) á klefanum.
- Auga guðs.

16. „Karlur með húfurnar niður í augum og kragana uppi.“/ „ljós í öllu þessu myrkri.“

Hvaða stílbragði er hér beitt?

- Hliðstæðum.
- Andstæðum.
- Endurtekningu.
- Viðlíkingu.

17. Æ, það hafði allt verið svo dapurlegt að undanförunu. Skyldi þetta eiga eftir að breytast?

Þessi orð eru ekki bein ræða, enginn segir þau; þau eru ekki innan gæsalappa. En hver er það sem virðist hugsa þetta?

- Faðirinn.
- Amma.
- Skipsþernan.
- Fenella.

18. „Og nú kom landgöngubrúin út á móti þeim ...og lítill hestur og maður sem sat á vagnþrepinu komu líka.“

Er eitthvað í upphafi sögunnar sem minnir á þetta?

- Í upphafi er um að ræða sambærilega sjónhverfingu: sagt að bryggjan hafi fjarlægst skipið.
- Í upphafi segir að skipið hafi fjarlægst bryggjuna.
- Í upphafi segir að faðirinn hafi nálgast skipið.
- Í upphafi er talað um að hestarnir hafi komið að skipinu.

19. „Þú ert með...“

Hvað á amma við?

- Hún á við sjalið sitt.
- Hún á við rúllupylsuna.
- Hún er hér að spyrja um regnhlífina.
- Hún hefur áhyggjur af hóstanum í Fenellu.

20. „Frúin hans hristi fram úr erminni nokkrar hveitikökur handa honum í vikunni sem leið.“

Hvað á Penreddy við?

- Amma Fenellu bakaði hveitikökur handa afanum áður en hún fór í ferðalagið.
- Amma Fenellu bakaði nokkrar kökur meðan hún var hjá syni sínum.
- Móðir Fenellu bakaði nokkrar hveitikökur áður en hún dó.
- Kona Penreddys bakaði handa afanum.

21. Hvers vegna segir í texta ömmunnar að engin fundarlaun séu í boði?

- Amman á ekki neina peninga til að borga fundarlaun.
- Afinn og amman telja að enginn hafi áhuga á málinu.
- Það var ekki vaninn að veita fundarlaun á Nýja-Sjálandi.
- Enginn getur endurheimt hinar gömlu góðu stundir.

22. Hvað hefði Fenella getað keypt sér margar samlokur fyrir peningana sem faðir hennar gaf henni?

- Fimm samlokur.
- Sex samlokur.
- Sjö samlokur.
- Átta samlokur.

23. Hvaða atriði í sögunni er eins og stef (leiðarminni), þ.e. eitthvað sem er síendurtekið?

- Sláturkeppurinn.
- Regnhlífin hennar ömmu/ orðin já, amma.
- Grátur föðurins.
- Grátur Fenellu.

Presturinn og bóndinn

1. Hvaða lýsingarorð eru notuð um prestinn?

- frómur, guðrækinn
- glaður, reifur
- áleitinn, ofbeldissamur
- óþreyjufullur, eirðarlaus

2. Hvaða orð eru notuð í sögunni um það að eiga í erjum?

- Standa í stríði.
- Elda (saman) grátt silfur.
- Eiga í illdeilum.
- Vera ósáttir.

3. Hvaða orð eru notuð í sögunni um það að vera farinn að eldast?

- Vera kominn á grafarbakkann.
- Vera krepptur gigtarböndum.
- Vera kominn af léttasta skeiði.
- Að vera hniginn nokkuð á efra aldur.

4. Í hvaða tilgangi vakti presturinn stúlkuna upp?

- Hann ætlaði að öðlast þekkingu.
- Hann hugðist taka hana sér til ráðskonu.
- Hann ætlaði að ganga að eiga hana.
- Hann ætlaði að senda hana á bóndann til að hún dræpi hann.

5. Hvers vegna þorði bóndinn að segja presti hvernig hann (þ.e. presturinn) ætti að ná valdi á stúlkunni (sbr. geirvörtuna)?

- Þeir voru góðir vinir.
- Bóndinn hefur verið viss um að geta ráðið niðurlögum draugsins.
- Þeir stóðu saman þegar á reyndi.
- Hann vissi að presturinn mundi launa sér með góðu.

6. Hvers vegna gátu ungu hjónin ekki flutt á stóru jörðina?

- Hún var föst í leigu.
- Þau áttu ekki þá jörð.
- Jarðir voru afar dýrar á þessum tíma.
- Þau þurftu að sinna gamla bóndanum sem ekki vildi flytjast af jörð sinni.

7. Hvers vegna vildi draugsi ekki fara og gera bóndanum á stóru jörðinni mein?

- Af því að draugsi var orðinn svo máttlítill eftir árin í hrossleggnum.
- Af því að sá bóndi var með jörðina á leigu.
- Af því að draugsi hafði ekki verið vakinn upp til að gera það.
- Af því að sá bóndi var göldróttur.

8. Hvaða lýsingarorð virðist eiga vel við um ungu hjónin?

- þolinmóð
- óþolinmóð
- rólynd
- ofstækisfull

9. Fram kemur í sögunni að draugar...

- eflist með hverju ári sem líður.
- verði kraftminni eftir því sem árin líða.
- haldi fullum krafti í nokkra ættliði.
- geti gert mikið mein hálfri öld eftir að þeir eru vaktir upp.

Ferðabækur. Fyrsta símamálið á Íslandi

1. Hvenær var Fox-leiðangurinn farinn og hvaða ár var bókin um hann gefin út á dönsku?

- Árið 1860; árið 1863.
- Árið 1863; árið 1861.
- Árið 1960; árið 1963.
- Árið 1680; Árið 1683.

2. Hvaða Íslendingur var meðal leiðangursmanna á Fox?

- Páll Ólafsson skáld.
- Sr. Benedikt Jónsson.
- Arnljótur Ólafsson alþingismaður.
- Jón Sigurðsson forseti.

3. Hvers vegna hættu leiðangursmenn við að ganga yfir Grænlandsjökul?

- Það geisaði stríð í Bandaríkjunum á þessum tíma (þrælastríðið)
- Það var orðið of áliðið hausts.
- Það kom leki að skipinu.
- Þeir komust ekki að landi á austurströnd Grænlands vegna hafíss.

4. Hvers vegna hætti Shaffner við áformin um að leggja símastreng yfir Atlantshaf um Færeyjar, Ísland og Grænland?

- Vegna þrælastríðsins í Bandaríkjunum, og stríðs í Evrópu milli Dana og Þjóðverja.
- Vegna kostnaðar við lögnina.
- Vegna ósamkomulags milli þeirra sem áttu að fjármagna verkið.
- Vegna þess að ný tækni hafði rutt sér til rúms.

Ringulreið á Djúpavogi

1. Hvenær sáu Íslendingar flýta sér?

- Þegar rigning var yfirvofandi.
- Þegar þeir voru að smala fé.
- Þegar þeir fóru til kirkju á sunnudögum.
- Þegar þeir voru drukkhir.

2. Til hvaða tveggja staða átti að halda eftir Íslandsleiðangurinn?

- Til Jan Mayen og Svalbarða.
- Til Bandaríkjanna og Mexíkó.
- Til Grænlands og Labrador.
- Til Færeyja og Skotlands.

3. Hvað er að segja um líkamspyngd Schaffners?

- Hann hefur greinilega verið allþungur.
- Hann var léttur og lágur vexti.
- Hann var sagður í meðallagi þungur
- Það kemur ekkert fram um líkamspyngd hans.

Í átt að prestssetrinu í Berufirði

1. Hvað heitir bærin þar sem prestssetrið er (sjá fyrirsögn!)?

- Djúpivogur.
- Berufjörður.
- Búlandstindur.
- Breiðafjörður.

2. Við hverja er átt þegar talað er um flóttagemlinga og liðhlaupa?

- Hesta.
- Hermenn.
- Aðstoðarmennina.
- Bændur.

Drukkinn prestur

1. Hvaða þrjú lýsingarorð gefa góða mynd af prestinum?

- hrokafullur, fróður, feitur
- drukkinn, sóðalegur, gestrisinn
- bráðskemmtilegur, grannur, ódrukkinn
- kvensamur, leiðinlegur, snyrtilegur

2. Hverjar voru þær „freistingar Björns hreppstjóra“ sem minnst er á?

- Áfengir drykkir.
- Peningar.
- Konur.
- Heitir réttir.

3. Hvaða stílbragði er beitt þegar sagt er að staupið hafi verið þerrað með skítugum vasaklút „í sérstöku hreinlætisskyni“?

- Háði.
- Ýkjum.
- Endurtekningu.
- Andstæðum.

4. Hvaða stílbragði er beitt þegar sagt er að vasaklúturinn hafi ekki verið mjög hreinn?

- Úrdrætti
- Ýkjum.
- Andstæðum.
- Háði.

Pöddur

1. Hvaða „húsdýr“ er átt við?

- Kýr.
- Lýs eða flær.
- Hesta.
- Kindur.

2. Það er eins og Íslendingar og Færeyingar hafi kunnað vel að gera einn tiltekinn drykk.

Hvaða drykk?

- Kaffi.
- Te.
- Bjór.
- Rabarbaravín.

Landið næstum læknislaust árið 1860

1. Hvaða bráðabirgðalausn sér höfundur textans til að leysa hinn brýna læknisvanda á Íslandi árið 1860?

- Að flytja inn lækna frá Danmörku.
- Að prestar taki að sér að fást við smákvilla.
- Að mennta fleiri hjúkrunarfræðinga í Danmörku.
- Að fá dýralækna til að sinna mannfólkinu.

2. Hvað eru margir starfandi læknar á Íslandi árið 1860 samkvæmt því sem sagt er í textanum?

- Tveir.
- Þrír.
- Fjórir.
- Fimm.